

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
BÓKASAFN

051
Saf

Fréttabréf safnmanna

6.árg. 5.tbl. 1997



Efnisyfirlit

Frá ritstjóra
Formannsspjall
Sýningar og sýningargerð
Textagerð á söfnum
Ljósmyndir
Staða Sjóminjasafns Íslands og söfnun sjóminja
Um sjóminjar Íslands
Í tilefni af grein Örlygs Kristfinnssonar
Söfnun samtímaminja á höfuðborgarsvæðinu
Menntun safnmanna á Norðurlöndunum
Endurmenntunarnámskeið
Fundargerð FÍS frá aðalfundi 1997
Nýjir félagsmenn
Breytingar á Árbæjarsafni
Almennt rit um safnfræði á Íslandi
Almennt um bókina
Umsögn um bókina Museum Basics

Félag íslenskra safnmanna

Stofnað 17. janúar 1981

Frá ritstjóra

Í síðasta pistli hafði ég yfir kveðjuorð til safnmanna og taldi mig á leið út úr embætti ritstjóra fréttabréfsins. Þar reyndist ég ekki sannspár og sit því ennþá í sama embætti.

Eins og flestum safnmönnum er kunnugt þá var gefið út félagatal nú í haust og var því dreift á farskólanum. Ég vil brýna það fyrir félagsmönnum að koma öllum ábendingum um villur eða upplýsingum um ný og breytt heimilisföng til mín. Annars er hætt við því að villupúkinn sitji áfram á fjósbitanum. Hið sama gildir um netföng og ekki síst upplýsingar um heimasíður safna. Því miður reynist ég ekki skyggn og verð því að treysta á að félagsmenn komi slíkum boðum til mín.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var samþykkt sú tillaga að gera tilraun um að senda fréttabréfið sem tölvupóst til þeirra sem hafa netföng. Á þennan hátt sparast umtalsverður kostnaður fyrir félagið. Vonandi mælist sú nýbreyttni vel fyrir. Aðrir, eða þeir sem ekki hafa netföng, munu fá fréttabréfið sent til sín í pósti eins og áður.

sbh
sbh@rvk.is

Formannspistill

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Byggðasafninu að Reykjum við upphaf farskólans 3. september s.l. var ný stjórn kosin. Hana skipa Þóra Kristjánsdóttir Þjóðminjasafni formaður, Sigrún Ásta Jónsdóttir Byggðasafni Snæf. og Hnappd. gjaldkeri, Sigurjón Baldur Hafsteinsson Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar ritari, Lýður Pálsson Byggðasafni Árnesinga meðstjórnandi og Sigríður Sigurðardóttir Byggðasafni Skagfirðinga varamaður. Stjórnin hefur haldið sinn fyrsta fund, og vill byrja á því að þakka fyrri stjórn fyrir gott starf, einkum skipulagningu farskólans að Reykjum sem þótti takast með miklum ágætum. Þar voru fluttir gagnlegir fyrirlestrar bæði af félagsmönnum og af utanaðkomandi sérfræðingum, og umræður frjóar. Eina sem mátti að finna var að skemmtanahald var í lágmarki, en þeir sem fóru í Strandaferðina fengu það bætt að fullu.

Engu að síður finnst nýju stjórninni kominn tími til þess að efna til fagnaðar í vetur, og hefur lagt drög að því að haldin verði völdug Kyndilmessuhátíð með viðeigandi mat, söng, dansi og drykkju, sem næst hinum rétta degi, sem að þessu sinni ber upp á mánudag. Kyndilmessuhátíðin er því fyrirhuguð laugardaginn 31. janúar 1998, og er félagsmönnum bent á að merkja strax við þann dag í dagbókinni og undirbúa skemmtiatriði.

Eins og þið hafið veitt athygli er Sigurjón Baldur Hafsteinsson fluttur frá Árbæjarsafni og orðinn forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkurborgar. Miklar breytingar aðrar hafa orðið á högum félagsmanna og stjórnun safna í landinu á þessu misseri. Fyrst skal greint frá því að til Þjóðminjasafnins hafa ráðist tveir nýir yfirmenn, sem verða nánustu samstarfsmenn þjóðminjavarðar við stjórnvölinn. Það er Guðný Gerður Gunnarsdóttir nýr safnstjóri og Hjörleifur Stefánsson minjastjóri, sem er ný staða. Þetta hafði í för með sér breytingar í öðrum söfnum; Guðrún Kristinsdóttir yfirgefur Austurland og tekur við Minjasafninu á Akureyri, staða hennar, þ.e. minjavarðar á Austurlandi, hefur verið auglýst, en ekki er búið að ráða í hana

þegar þetta er skrifað. Steinunn Kristjánsdóttir hefur fengið leyfi frá Minjasafni Austurlands og hefur nýr félagi, Jóhanna Bergmann verið ráðin til safnsins í vetur. Stjórn félagsins óskar þessu fólki öllu velfarnaðar í starfi og væntir góðs samstarfs og náinna samskipta.

Á Reykjum var ákveðið að halda næst farskóla í Vestmannaeyjum í september á næsta ári. Áhugi er á að tengja farskólann ferð um Suðurland og umræðum um samvinnu byggðasafna og ferðabjónustu. Skólastjóri næsta farskóla er Jóhann Friðfinnsson í Vestmannaeyjum.

Þóra Kristjánsdóttir
Skrifað í lok október 1997

Hér á eftir fara samantektir þriggja starfshópa sem funduðu á Farskólanum á Reykjum 5. september síðastliðinn.

Sýningar og sýningargerð

Samantekt

Samantekt úr starfshópum sem hittust eftir framsöguerindi um *Sýningar og sýningargerð*. Umsjón með framsöguerindunum voru þær Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Framsögur höfðu: Guðný Gerður Gunnarsdóttir (Grunnsýning hverskonar sýning?), Sigríður Sigurðardóttir Þemasýningar. Hver ákveður efnið?), Guðrún M. Kristinsdóttir (Sérsýningar, safn Ríkharðs Jónssonar. Frá hugmynd til veruleika.) Árni Páll Jóhannesson (Að skapa hughrif. Leikmynd í sýningum), og loks Áslaug Jónsdóttir (Að skapa ímynd. Grafísk hönnun í sýningu).

Eftir framsöguerindi var hópnun skipt niður í fimm umræðuhópa og átti hver hópur að ræða ákveðin áherslusvið s.s. hlutverk byggðasafna, hlutverk sýninga og sérsýninga, umhverfi, texta og markhópa. Í stuttu máli voru helstu niðurstöður hópanna þessar:

Hópur 1. Byggðasöfnin eiga að gera sér mat úr byggðasögunni. Húsnæði skiptir gríðarlega máli. Millisafnalán mætti nota meira. Hugmynd um heit sýninga Blúndur á Blöndusí, Hákarl á Reykjum. Allir voru sammála um mikilvægi þess aðf inna markhóp áður en sýning er sett upp. Nota skal litrík orð við textagerð og breytilega uppsetningu. Umhverfi skal vera breytilegt eftir því hvar sýning er sett inn. Við uppsetningu sérsýninga skal leggja áherslu á skýrt ferli frá upphafi og allar sem á annað borð eiga að vinna við sýningargerðina verði með frá byrjun. Starfsemi safna byggist á stofnskrá og þar er tekið fram hlutverk þeirra.

Hópur 2. Áferð texta og upplýsingagildi á að vera í öndvegi. Myndir, teikningar og ljósmyndir styðja við. Þægileg leið til að skýra innsetningu sýninga er að teikna útlínur gripa og merkja við. Stuttur texti, mest 3 línur, setja texta við einstaka gripi. Erlendar þýðingar eru nauðsynlegar. Nota hljóðsnældur. Á sérsýningar skal velja efni sem snertir viðkomandi hérað og finna skal sérstöðu þess. Efla skal samvinnu milli safna. Hugmynd að sýningum komu fram s.s. Hvalveiðar Húnvetninga, Náðhús á Norðurlandi ofl. Í umræðu um markhópa að meðaláhorfandi er ekki til. Fólk vill snerta hluti. Byggðasöfnin eru fyrir heimamenn og ferðamenn. Laga

skal sýningar að húsum ef húsin eru ekki í eðli sínu sýningargripir. Húsnæði þarf að draga að gesti jafnt og sýningin sem í því er.

Hópur 3. Tilhneiging er til að taka náttúruna með inn í sýningar byggðasafna vont/gott. Hér má allt í þeim efnum. Hlutverk byggðasafna; Skapa fólkinu á svæðinu sjálfsmynd. Eru ekki allar sýningar sérsýningar? Það er nauðsynlegt að sýningin sýni áhorfanda eitthvert visst ferli sem hann getur fylgt frá einu til annars. Texti; einfalda sýningartexta, textar sem skrifaðir eru fyrir börn eru best lukkaðir, uppsetning texta þarf að vera myndræn, gera sérstaklega grein fyrir ýmsum gripum. Hanna sýningar inn í hvert hús þar sem þær eiga að vera. Setja texta á glærur. Tekur sýndarveruleikinn við á næstu árum? Spurning er hvort við séum ekki nú þegar að huga að því að varðveita safnsýningu t.d. á Laugum í Sælingsdal. Nú er stöðugt verið að endurgera eldri sýningar. Eigum við ekki að geyma fyrstu sýningarnar ef við höfum enn tækifæri til þess, geyma séreinkenni þeirra (allt í einum graut og allt frammi)? Skandinavisering heldur áberandi hér á landi. Hver á að ráða? Alls ekki þeir sem halda um fjármagnið. Byggðasafnsnefndir eru oft erfiðar (¶slæmar¶). Í þeim oft áhugalaust fólk eða tækifærissinar.

Hópur 4. Textar; hver er best til þess fallin að semja texta? Hvernig verður textinn til? Þörf er fyrir erlend tungumál á hverri sýningu, en þau ættu ekki að vera of mörg. Það ætti að duga að hafa texta á ensku. Hversu mikið á að leggja í texta? Aðferðir Jóns Sigurpálssonar og Örlygs Kristfinnssonar (útlínur og skýringartextar) hafa reynst vel en hópurinn varar við að allir fari sömu leið í sýningartextauppfærslu. Sýningarskrár ættu að vera ef sýningar eru mjög stórar og ef þær hafa heimildagildi, annars ekki. Sérstaða safna; þau geyma safngripi. Menn vilja fá að sjá þá. Vara við ofbúnum umgjörðum. Glæsileg ný sýningarhús geta verið góð umgjörð. Söfnin ættu að fara út í kópiugerð fyrir safnkennslu. Ljósmyndanotkun er æskileg á sýningum. Hvernig safngesti? Tölvuvædd kynslóð? Hlutverk safna; uppfræða tölvukynslóðina. Í því efni varar hópurinn við öllu leikstandi og bendir á að það eigi að vera kyrrð á sýningum. Nóg eru lätin annars staðar.

Hópur 5. Hvað veldur? Peningar skera ekki úr um það hvað gerir sýningu góða, heldur hugmyndin sem liggur að baki. Hvað vantar? Á byggðasöfnin vantar ¶náttúrugripaperspektivið¶ það þarf að hafa þau í náttúrulegu samhengi. Og þau mættu gjarna hafa fleiri sýningar sem gefa fjölbreytilega sögu. Fyrir hverja? 15% landsmanna fara á söfn. Hver er ímynd minjasafna í augum Íslendinga? Ísland er aldrei kynnt sem menningarland. Það smitar út frá sér, eða öllu heldur inni þjóðarsálina. Söfnin eiga sjálf þátt í að skapa þetta viðhorf og þurf að vinna úr því. Starfsmenn safna eru sjálfir hluti af þessu. Söfnin eru of ¶passív¶. Skiptir máli hvar sýningin er staðsett? Hvað segja viðbrögð við sýningu Þjóðminjasafns og Þjóðskjalasafns í hjarta borgarinnar okkur? Gildi texta; á Njáluslóðarsýningunni er allur texti á ensku! Fyrirsagnir eru nauðsynlegar á sýningartexta. Vandí byggðasafnanna? Hvar er dósinn sem afi gaf? Þarf ekki að opna geymslurnar að hluta til? Það er mikilvægt að slíta ekki byggðasöfnin úr samhengi við umhverfi sitt. Og hvernig væri að bæta bragði við lyktina?

Textagerð á söfnum

Samantekt

Textagerð virðist oft vera Akkillesarhæll íslenskra safna, en slík vinna krefst skýrrar stefnumörkunar og vandvirkni. Á farskólanum nú í haust var stofnað til umræðna um þessi mál og fara helstu niðurstöður hans hér á eftir. Hópstjóri var Sigurborg Hilmarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

Fram kom við umræður í hópnum að ýmsa þætti þarf að hafa í huga við textagerð. Þannig skiptir umhverfið miklu máli, en ekki er sama hvort um er að ræða nýjan sýningarsal eða gamalt hús sem á að endurgera á sem upprunalegastan hátt. Huga þarf að heildarmynd texta á sýningu og gæta þess að samspil sýningarhúsnæðis, gripa og efnismeðferðar sé gott. Falleg textaáferð ein og sér er ekki nóg, upplýsingagildið verður einnig að hafa í hávegum.

Hópurinn var á því að gott gæti verið að setja gripi í samhengi og sýna hvernig viðkomandi hlutur hefði verið notaður. Slíkt mætti gera með ýmsu móti, s.s. með því að nota myndir, ljósmyndir eða teikningar.

Þór Magnússon þjóðminjavörður lagði fram hugmynd að dæmigerðum texta sem mætti vera eitthvað á þessa leið:

Klyfberi frá 1870. Smíðaður af Jóni Jónssyni frá Grjóteyri.

Klyfberi var notaður til þess að reiða hey eða annan varning.

Almennt voru menn á því að betra væri að hafa texta stutta, þó auðvitað færi slíkt eftir eðli sýninga, og hugsanlega væri nóg að hafa textana einungis á íslensku og ensku. Þó kom fram að stór hluti ferðamanna á

Íslandi er þýskumælandi og einnig væru t.d. margir Frakkar sem ekki skildu enska tungu. Textar gætu því þurft að vera á ensku, þýsku, frönsku og jafnvel dönsku auk íslenskunnar.

Undir lokin var rætt um notkun tækninýjunga á söfnum og nefnt að víða erlendis er upplýsingum miðlað með hljóðsnældum. Tölvur og margmiðlun kunní líka að vera framtíðin við miðlun upplýsinga.

Unnur B. Lárusdóttir
ubl@rhi.hi.is

Ljósmyndir

Samantekt

Safnastefna.

Kynntar voru tvær nýlegar úttektir á stöðu ljósmyndavarðveislu frá Noregi og Svíþjóð. Rætt var um stöðu mála hér á landi og henni lýst stuttlega. Varpað var fram þeirri spurningu hvort þörf væri á að gerð væri sambærileg úttekt hérlendis.

Varðveisla.

Kynntar voru niðurstöður á rannsókn á ljósmyndasafni Jóns Kaldals. Rætt var um geymsluaðferðir, meðferð og verndun á ljósmyndaefni. Fram kom að einhver skemmd er á 85% af ljósmyndaefninu. Kynnt var nýútkomin skýrsla á ástandi 14 ljósmyndasafna í Noregi. En niðurstöður gefa til kynna að ástandið er mjög alvarlegt.

Tölvuskráning.

Kynnt var sameiginlegt skráningarkerfi helstu ljósmyndasafna landsins. Bent var á kosti þess að öll söfn væru með sama skráningarkerfi. Þess ber að geta að kerfið er í stöðugri þróun.

Niðurstaða.

Allir voru sammála um að ekki væri komið langt frá byrjunarreit í varðveislu ljósmyndaarfsins. Brynt er að gerðar séu úttektir á stöðunni og mörkuð sé stefna í því. Rætt var um þörf á stórauðinni fræðslu til dæmis í formi námskeiða og auknu samráði og samstarfi manna á milli t.d. með að koma upp einhverskonar ljósmyndaráði, sem væri skipað fulltrúum frá stærstu ljósmyndasöfnunum.

Hörður Geirsson
akmus@nett.is

Staða Sjóminjasafns Íslands og söfnun sjóminja

Upphaf Sjóminjasafns Íslands má rekja til ársins 1974 er Alþingi samþykkti ályktun um stofnun sjóminjasafns í Hafnarfirði. Verulegur skriður komst þó ekki á málið fyrr en 1979 þegar menntamálaráðherra skipaði nefnd "til þess að gera tillögur um stofnun og rekstur sjóminjasafns". Nefndin, s.k. sjóminjasafnsnefnd, gekk frá tillögum sínum árið eftir og vann síðan að uppbyggingu safns í Hafnarfirði sem opnað var 1986.

Ljóst er af fundargerðum sjóminjasafnsnefndar að bæði hún og þjóðminjavörður hafa frá upphafi skoðað safnið sem deild í Þjóðminjasafni, þótt Sjóminjasafnið yrði það ekki lögformlega fyrr en 1. janúar 1990 með nýjum þjóðminjalögum (nr. 88/1989). Þjóðminjavörður starfaði með nefndinni alla tíð uns hún var lögð niður síðla árs 1992 og frá sama tíma tók Þjóðminjasafnið við rekstri Sjóminjasafnsins. Safnið er deild án deildarstjóra og er formleg stjórn þess í höndum þjóðminjavarðar. Starfsmaður er einn og hefur svo verið lengst af.

Sjóminjasafnið hefur aldrei haft eigin geymslu til umráða ef undan er skilið lítið pláss í sjálfu safnhúsinu sem löngu er fullnýtt. Bátaskýli var reist í árslok 1991 og brann í apríl 1993, eins og kunnugt er. Nýtt bátaskýli hefur ekki verið byggt í staðinn. Safnið getur því tæplega rækt söfnunarhlutverk sitt nema e.t.v. hvað varðar báta en þeir yrðu þá að standa úti.

Á það skal bent að ýmis söfn á landsbyggðinni hafa á undanförunum árum og áratugum viðað að sér fjölda báta og öðrum sjóminjum. Þessi tiltekni minjaflokkur er nú til sýnis í öllum landsfjórðungum, ýmist sem hluti af byggðasöfnum eða í sérstökum sjóminjasöfnum. Hinn mikli uppgangur á þessu sviði hefur meðal annars skilað sér í nýjum söfnum og byggingum og virðist ekkert lát á. Það er mikil breyting frá því sem var fyrir 11 árum þegar sjóminjasafnið í Hafnarfirði var opnað

Sjóminjasafn Íslands, sem svo er kallað, hefur að mestu virkað sem hafnfirskt safn þótt að öðru og meira hafi líklega verið stefnt í upphafi. Þannig hafa ný aðföng flest verið úr Hafnarfirði, svo dæmi sé tekið. Fyrir um tveimur árum spurðist Byggðasafn Hafnarfjarðar fyrir um eignarrétt á sjóminjum er borist höfðu frá því til Sjóminjasafns. Mál þetta var lagt fyrir þjóðminjaráð og ákveðið að hlutaðeigandi gripir yrðu látnir ganga til baka. Afendingu er ekki

að fullu lokið enda um mikinn fjölda muna að ræða. Jafnframt var ákveðið að Sjóminjasafnið skyldi ekki framar veita viðtöku munum úr Hafnarfirði. Það þýðir með öðrum orðum að nánast engir gripir hafa borist safninu síðan.

Árið 1980 var undirritaður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og sjóminjasafnsnefndar um leiguafnot af Brydepakkhúsi "til þess að starfrækja þar til bráðabirgða Sjóminjasafn Íslands" uns nýtt safnhús yrði reist að Skerseyri við Hafnarfjörð, eins og segir í samningnum. Hafði bærinn gefið nefndinni fyrirheit um byggingarlóð á þessum stað. Fjárframlög nefndarinnar vegna viðgerða á húsinu taldist vera fyrirframgreidd leiga til ársloka 1992 en hún annaðist nær alveg allan kostnað við þessar framkvæmdir. Óskað var eftir framlengingu samningsins fyrir um tveimur árum og hefur Hafnarfjarðarbær ekki orðið við þeirri beiðni enn sem komið er. Menningarmálanefnd bæjarins hefur m.a. haft málið til umfjöllunar og velt fyrir sér að Byggðasafnið taki við húsinu en í staðinn fái Sjóminjasafnið aðstöðu þess í Vélsmiðju Hafnarfjarðar. Ennfremur hefur nefndin rætt þann möguleika að Byggðasafnið annaðist umsjón Sjóminjasafnsins.

Hinn 13. mars sl. samþykkti menningarmálanefnd Hafnarfjarðar að komið yrði á fót nefnd sem í sitji fulltrúar frá menningarmálanefndinni og þjóðminjaráði, tveir frá hvorum aðila. Skyldu nefndarmenn ræða um framtíð Sjóminjasafnsins í Hafnarfirði, stöðu þess og húsnæðismál. Samþykkt þessi var tekin fyrir á fundi í bæjarráði Hafnarfjarðar 5. júní sl. og seinna í bæjarstjórn 10. sama mánaðar. Samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi tillögu með öllum greiddum atkvæðum: "Bæjarstjórn samþykkir að skipuð verði sérstök starfsnefnd til að fjalla um framtíð sjóminjasafnsins. Nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði, einum tilnefndum af menningarmálanefnd og einum tilnefndum af hafnarstjórn." Ekki var búið að skipa nefndina síðast þegar ég vissi til en það var 1. september sl.

Þannig er staðan í dag. Framtíðin er sem sagt töluvert óviss og hefur verið það síðustu tvö árin. Það virðist ekki lengur jafnsjálfsagt mál að Sjóminjasafnið fái að vera áfram í núverandi húsnæði. Segja má að það sé e.t.v. með nokkrum rétti þar sem safnið hefur ekki þróast sem skyldi og engin áform eru um uppbyggingu á Skerseyri eða betra og stærra sýningarpláss annars staðar. Hins vegar er Byggðasafnið á hrakólum með húsnæði og aldrei var um annað að ræða en Sjóminjasafnið yrði til bráðabirgða í Brydepakkhúsi. Að mínu mati er það því aðeins spurning um tíma hvenær Hafnarfirðingar taka við húsinu.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um söfnun sjóminja. En þá er fyrst að spyrja: Hvað eru sjóminjar? Í grein í afmælisriti Þjóðminjasafnsins, Gersemar og þarfaping (Reykjavík 1994), setti ég fram eftirfarandi skilgreiningu:

1. Fiskveiðar, fiskverkun og fiskiðnaður.
2. Skip, bátar og bátasmíði.
3. Siglingar og aðrar samgöngur á sjó, vita- og hafnarmál, hafrannsóknir, sjóslysavarnir og landhelgisgæsla.
4. Hagnýting sjófugla og sjávardýra.
5. Gömul hús og byggingar er tengjast sögu íslensks sjávarútvegs.
6. Veiðarfæri, fatnaður, verkfæri, vélar og tæki.
7. Hljóðritanir, myndefni, skjöl og önnur rituð gögn er efnið varða.
8. Skráðar heimildir um siði, trú og þjóðsagnahefð er að sjávarháttum lúta.

Til sjóminja getur ennfremur talist afmarkaður hópur fornminja, þ.e. skipsflök, og ýmsar jarðfastar minjar, s.s. fiskbyrgi, verbúðir, naust o.fl.

Sumt af því sem hér hefur verið nefnt fellur augljóslega undir ýmsa aðra þætti minjavörslunnar, s.s. húsafríðun, fornleifarannsóknir, ljósmynda- og skjalasöfn. Reyndar tel ég æskilegt að Sjóminjasafnið einbeiti sér að almennri söfnun þjóðhátta á sínum vettvangi og

stundi helst einnig einhverjar rannsóknir. Í því gæti sérstaða safnsins hugsanlega falist. Þetta er framtíðarverkefni sem útfæra mætti nánar í tengslum við umræður um stöðu safnsins.

Mér sýnist að söfnun sjóminja hafi yfirleitt stjórnað af tilviljanakenndum gjöfum, að vísu með nokkrum undantekningum, þótt á árum áður hafi verið farnar einhverjar söfnunarferðir um einstök svæði eða héröð, og á það jafnframt við um söfnun minja almennt. Líklega hafa um 20 söfn á undanförunum árum eða áratugum veitt sjóminjum viðtöku, oftast án samráðs hvert við annað, og má því fastlega gera ráð fyrir að til séu mörg eintök af sams konar hlutum, og er það raunar vitað. Einnig má gera ráð fyrir að ýmsa hluti vanti, bæði hvað varðar tímabil, einstaka gripi eða efnisflokka. Í flestum tilvikum mun ekki vera um mjög plássfreka hluti að ræða. Bátar eru sér á parti sökum stærðar og mikils kostnaðar sem þeim fylgir.

Um söfnun sjóminja í nánustu framtíð vil ég almennt segja að líklega er heillavænlegast að söfnin taki upp mun nánari samvinnu en nú tíðkast. Með samhæfingu tel ég að gera megi söfnunina markvissari, koma í veg fyrir tvíverknað og um leið ná fram ákveðinni hagræðingu. Skoða má söfnin sem sameiginlegan heimildabanka og því er mikilvægt að huga að verkaskiptingu á milli hinna einstöku stofnana. Segja má að vísir að henni sé nú þegar fyrir hendi með Síldarminjasafninu á Siglufirði. Alkunnugt er að flest eða öll söfn búa við geymsluvanda en með samvinnu gæti þörfin fyrir geymslurými minnkað.

Með samvinnu ættu að skapast möguleikar til þess að koma á fót kerfisbundinni söfnun, þ.á.m. úr nútímanum til þess að fylgja eftir örum breytingum og tækniframförum síðustu áratuga. Stefna ætti að því að fylla upp í göt fortíðarinnar, eftir því sem æskilegt er talið, og leitast við að ná yfir sem mest af því sviði sem til sjóminja getur talist, þótt vitanlega sé aldrei hægt að gera öllu skil. Ein mikilvæg forsenda þessa er allsherjar tölvuskráning safngripi í landinu. Almennt væri æskilegt að stuðla að sem bestu upplýsingasteymi milli starfsmanna safnanna þannig að þeim væri ætíð ljóst hvaða söfnunaráform væru á döfnni hjá hinum.

Það er ljóst að söfnun og varðveisla á bátum er afar kostnaðarsöm. Bátar í eigu minjasafna munu þó vera á bilinu 90-100 og stöðugt virðast nýir bætast í hópinn. Um 20-25% þeirra munu vera í eigu Þjóðminjasafns. Hversu ígrundað er valið á þessum bátum? Um það skal ég ekki dæma en að mér lædist sá grunur að svo sé ef til vill ekki í öllum tilvikum. Tekið var saman yfirlit um stöðuna á síðasta ári á vegum Þjóðminjasafns (Sjóminjasafns) að því er varðar fjölda varðveittra báta í eigu safna og einstaklinga svo og hvaða bátar stóðu söfnunum til boða á þeim tíma. Ekki getur þetta þó talist endanleg niðurstaða. Nánari úrvinnsla eftir yfirveguðu flokkunarkerfi eða öðrum hliðstæðum viðmiðunum hefur enn ekki verið gerð. Við höfum því ekki mjög nákvæma mynd af því hvers konar skip og bátar eru til og hverja vantar.

Sú spurnig vaknar hvort ekki sé kominn tími til að vinna að gerð heildaráætlunar um varðveislu á bátum á vegum minjavörslunnar í landinu, t.d. til næstu fimm ára. Þá væri nauðsynlegt að koma sér saman um ákveðnar viðmiðunarreglur til þess að vinna út frá. Útbúa þarf nothæft flokkunarkerfi þar sem m.a. er gert ráð fyrir tegundum, hlutverki, efni, aldri og landshlutum með það fyrir augum að varðveita ákveðið úrval skipa og báta sem dæmigerð eru fyrir Ísland sem veiði- og siglingaþjóð. Á grundvelli þessa kerfis mætti gera úttekt á núverandi stöðu á landsvísu og varðveisluskrá. Að fenginni niðurstöðu væri hægt að gera söfnunaráætlun fram í tímann til einhverra ára. Þá ætti að skýrast hvort ástæða sé til að ganga enn lengra eða setja fram ákveðnar friðunarkröfur með tilheyrandi reglugerðum.

Ég tel æskilegt að einhverjum fjölda gamalla báta með varðveislugildi verði haldið á floti eftir því sem hægt er eða raunhæft talið. Hér vil ég leyfa mér að nefna sérstaklega varðskipið Þór, sem nú ber heitið Sæbjörg. Bátar þeir sem til sýnis eru á söfnum, eða varðveittir á vegum safna á þurru landi, hafa vitanlega mikilvægu hlutverki að gegna en ná seint því lífi sem fylgir bátum í sínu rétta umhverfi, á sjó eða vötnum.

Nokkuð er um að fiskibátar sem endanlega hafa afsalað sér veiðiheimildum, bæði

gamli og nýir, hafi verið umskráðir sem skemmtibátar eins og það heitir á stofnanamáli. Fyrir tveimur árum varð hins vegar að taka báta án veiðiheimilda af skipaskrá og eyðileggja nema þeir væru annað hvort seldir úr landi eða gefnir á eitthvert safnið. Til 31. júlí sl. gátu eigendur slíkra báta fengið á bilinu 20-80% af matsverði greitt úr þróunarsjóði sjávarútvegsins en nú er það sem sagt ekki lengur hægt.

Hér er með öðrum orðum kominn vísir að varðveislu fiskibáta af mismunandi stærðum og aldri á vegum einkaaðila. Við vitum að vísu ekki fyrirfram hve lengi bátunum verður haldið á floti og eflaust eiga margir eftir að tyna tölunni. Hins vegar er spurning hvort ekki sé athugandi að styðja á einhvern hátt við bakið á eigendunum, t.d. með niðurfellingu eða lækkun á opinberum gjöldum. Opinber gjöld sem greidd eru af slíkum skemmtibátum munu vera á bilinu 40.000 til 100.000 kr. á ári og fer upphæðin eftir stærð viðkomandi báta, sem ekki er skylda að tryggja. Hugsanlega kæmi ennfremur til álita stofnun sjóðs sem veita mætti úr viðgerðarstyrki. En þá yrði að koma á laggirnar eins konar bátavarðveislunefnd og setja skýrar úthlutunarreglur eða reglur um hverjir gætu fengið lækkun gjalda. Hluti af almennum verndunarsjónarmiðum væri ennfremur viðhald á gömlu handverki. Enn er unnið að viðgerðum og viðhaldi trébáta víða um land en nýsmíði mun vera lítil sem engin.

Ágúst Georgsson

Erindi flutt í farskóla safnmanna að Reykjum í Hrútafirði 5 .9. 1997

Um sjóminjar Íslands

Í lok farskólans á Reykjum í Hrútafirði nú í haust kom fram ósk um það að í fréttabréfinu yrði sagt frá erindum sem flutt voru á föstudagsmorgni þegar “nemendur skólans” deildust í nokkra umræðuhópa. Þar sem ég flutti mál mitt blaðalaust þá er rétt að taka saman aðalatriðin stuttlega og annað það sem ég vildi sagt hafa miðað við umræður og eftirþanka.

Ljóst er að mikilvægar þjóðminjar hafa glatast á seinustu áratugum. Má þar nefna fyrstu íslensku þilskipin og minjar um togaraútgerð. Og nú er hver að verða síðastur að huga að síldveiðunum. Þá virðast háleitar hugmyndir um Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði ætla að sigla í strand. Eðlilegt er því að spyrja hvernig þeim markmiðum verði náð sem menn settu sér með stóru allsherjarsafni um íslenskan sjávarútveg? Gætu hin smærri sjóminjasöfn vítt og breitt um landið þjónað þeim markmiðum með góðu skipulagi og samhæfingu? Sjóminjasafn Íslands yrði þannig starfrækt deildaskipt á nokkrum stöðum undir umsjá “sjóminjadeildar” Þjóðminjasafnsins. Einn eða tveir starfsmenn þeirrar deildar sæju um skipulag, ráðgjöf og rannsóknir. Stofnaður sameiginlegur sjóður til viðgerða gamalla báta í líkingu við Húsafriðunarsjóð. Keppt yrði að því að skipuleggja varðveislu og sýningu sjóminja sem gæfu sem gleggsta mynd af sjósókn og veiðum þjóðarinnar fyrir og síðar. Sem dæmi mætti nefna þorskveiðar á opnum bátum og þilskipum fram til 1900, hákarlaveiðar, togaraútgerð, síldveiðar, trillu- og bátaútgerð á vélaöld og hvalveiðar.

Þau söfn, sem með sérhæfingu og vönduðum sýningum tækju þátt í þessu samstarfi, nytu þess á ýmsa lund s.s. með sérstökum styrkjum og sameiginlegri kynningu, þar sem “sjóminjar Íslands” yrðu kortlagðar í þágu fræðslu, menntunar og afþreyingar.

Hvað sem mönnum kann að finnast um þessar vangaveltur þá er brýnt að umræðan haldi áfram um það hvernig fiskveiðum, þessum undirstöðuáttvinnuvegi íslendinga, verði gerð sem best skil í þjóðminjavörslunni. Og það verði ekki látið stíja við orðin tóm!

Ps. þess má geta að í umræðum á farskólanum kom fram afbragðsgóð hugmynd um það hvernig fjármagna mætti "bátafriðunarsjóð" í samvinnu við samtök útgerðarmanna.

Örlygur Kristfinnsson
Sildarminjasafninu Siglufirði

Í tilefni af grein Örlygs Kristfinnssonar "Um sjóminjar Íslands"

Örlygur Kristfinnsson hefur sýnt mér þá vinsemd að senda mér til yfirlestrar eintak af grein sinni "Um sjóminjar Íslands" áður en hún birtist í Fréttabréfi safnmanna. Þar setur hann fram athyglisverða hugmynd um samstarf sjóminjasafna vítt og breitt um landið undir hatti sjóminjadeildar Þjóðminjasafns. Þetta er bæði gömul hugmynd og ný sem aldrei hefur verið rædd til hlítar. Ég fæ hins vegar ekki séð að slík samvinna geti komið í staðinn fyrir sjóminjasafn eða veglega sjóminjasýningu á höfuðborgarsvæðinu eins og jafnvel má skilja á Örlygi. Er æskilegt að taka þannig einn hóp safna sérstaklega fyrir? Mætti þá ekki alveg eins hugsa sér að t.d. tækniminjasöfn landsins gengju í eina sæng? Og ennfremur, vilja menn slíkt samstarf ef að það hefði í för með sér miðstýringu og minnkað sjálfstæði einstakra safna? Þetta eru nokkur atriði sem æskilegt væri að ræða í nánustu framtíð.

Sumt af því sem fram kemur í grein Örlygs kallar á nánari skýringar. Þar segir: "Þá virðast háleit áform um Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði ætla að sigla í strand. Eðlilegt er því að spyrja hvernig þeim markmiðum verði náð sem menn settu sér með hugmyndinni um stórt allsherjarsafn um íslenskan sjávarútveg." Til upplýsingar skal þess getið að í fyrri tíð minni við Sjóminjasafnið (1. 9. 1990 - 30. 9. 1992) beitti ég mér fyrir að safninu yrði sett reglugerð skv. 5. og 6. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Tók ég þá saman drög að reglugerð sem lögð voru fyrir Þjóðminjaráð, en það gerði á þeim ákveðnar breytingar og samþykkti 5. 11. 1991. Að því búnu voru reglugerðardrögin send menntamálaráðherra til staðfestingar. Fyrsta grein hljóðar svo:

Sjóminjasafn Íslands er eign Íslenska ríkisins. Það er sérsafn, sbr. 5. gr. Þjóðminjalaga og 12. gr. reglugerðar um Þjóðminjavörslu. Lýtur safnið ákvæðum laga um byggðasöfn.

Sjóminjasafn Íslands er miðstöð sjóminjavörslunnar í landinu. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd þess. Sjóminjasafn Íslands skal vera til sýnis í sérstökum húsakynnum. Ráðið markar safninu stefnu og hefur yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Safnið hefur sjálfstæðan fjárhag. Heimilt er að skipta safninu í deildir samkvæmt ákvörðun Þjóðminjaráðs.

Reglugerð þessi hlaut ekki staðfestingu menntamálaráðherra. Með bréfi hans til Þjóðminjasafns dags. 28. september 1992 var ákveðið að Sjóminjasafn Íslands yrði, þar til öðru vísi kynni að verða ákveðið, deild í Þjóðminjasafni Íslands sem hefði hvorki stöðu sérstaks safns í skilningi fyrrgreindra laga né sérsafns sbr. reglugerð um Þjóðminjavörslu nr. 323/1990. Þannig var hinum "háleitu áformum" um miðsafn á sviði sjóminja einfaldlega ýtt til hliðar, a.m.k. um stundarsakir. Ef hægt er að tala um "strand" í þessu sambandi þá var það, að mínu áliti, fyrir fimm árum og hefur heldur fjarað undan safninu síðan. Á öðrum stað hef ég bent á að sjóminjadeildin nýtur ekki þess sjálfstæðis að við hana starfi deildarstjóri eða forstöðumaður

eins og við Nesstofusafn, sem einnig er deild í Þjóðminjasafni. Þá hefur Sjóminjasafnið ekkert skilgreint hlutverk fyrir landið í heild og hefur raunar aldrei haft. Að lokum skal á það minnt að Þjóðminjaráð markar stefnuna á landsvísu og gerir langtímaáætlanir um þjóðminjavörsluna í heild sinni.

Ágúst Georgsson

Söfnun samtímaminja á höfuðborgarsvæðinu

Innlegg í umræðu um samtímaminjar

Samtímaminjar eru þær minjar sem flestum þykir orka tvímælis að safna. Það er jú tíminn sem öðru fremur leiðir í ljós hvað sé varðveislvert. Rökin fyrir söfnun þeirra eru samt sem áður augljós. Því fyrr sem söfnun á sér stað því auðveldari er hún og því árangursríkari. Þar með er þó ekki sagt að söfnun samtímaminja sé alltaf auðframkvæmanleg. Hún krefst þekkingar, tíma og húsnæðis. Og það er mikils virði að hœn fari fram samkvæmt samþykktri stefnu. Til skamms tíma hafa safnverðir á opinberum söfnum héraðs farið mikið eftir eigin tilfinningu og ábendingum góðra manna í söfnun sinni. Það hefur gefið góða raun, en einnig haft greinilega annmarka. Önnur leið, sem í auknum mæli er að ryðja sér til rúms, er að safna með formlega samþykktu stefnu að leiðarljósi, stefnu sem rædd hefur verið og samþykkt af breiðum hóp. (Mótbára: Betra að hafa ekki of skýra stefnu. Þá eru söfnin frjáltsari.)

Stefna

Þegar stefnumörkun hefst vakna tvær meginspurningar, þ.e. hverju á að safna og hverjir eiga að sinna söfnuninni? Hvað þetta varðar skiptist landið nokkuð skýrt í tvær einingar, landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Af eðlilegum ástæðum hefur landsbyggðin verið meira til umræðu í Safnmannafelaginu. En höfuðborgarsvæðið er að ýmsu leyti snúnara viðureignar. Þar býr til að mynda meirihluti þjóðarinnar. Einnig er atvinnulíf þar margfalt fjölbreyttara heldur en annars staðar og mannlífið er ekki eins gagnsætt. Í þriðja lagi stunda mörg söfn og safnvísar þar söfnun samtímaminja. Þar á meðal og langafkastamest eru tvö stærstu opinberu minjasöfn landins, Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafn. En þau hafa ekki sömu óskoruðu stöðu og byggðasöfnin í sínum heimahéruðum og upp hafa sprottið mörg sérsöfn við hlið þeirra.

Úttekt á gerendum (söfnunum)

Staða mála nú er á þá leið að lítið samband er á milli safna höfuðborgarsvæðisins. Til að mynda hafa Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafn lítið gert af því að skipta með sér verkum. Ég veit t.d. ekki til að landssafnið hafi breytt starfsháttum sínum árið 1954 þegar borgarsafnið kom til sögunnar. Og ég veit ekki til að borgarsafnið hafi þá eða síðar sniðið starfsemi sína eftir starfi landssafnsins.

Varðandi þekkingarmiðlun, eða réttara sagt skort á henni, má nefna að Þjóðminjasafnið starfaði í Reykjavík í 90 ár áður en Árbæjarsafn kom til sögunnar og geymir því mikið af elstu og merkustu minjum sem til eru um sögu borgarinnar. Um hvað þetta er nánar tiltekið veit ég fremur lítið. Og ég veit einnig lítið hverju Þjóðminjasafnið hefur verið að safna á undanförunum árum. Til viðbótar auknu samstarfi og upplýsingamiðlun stóru safnanna þarf að kanna hvaða sérsöfn eru starfandi á höfuðborgarsvæðinu nú, hvað þau hafa gert og hvað þau hyggjast fyrir. Ég hef reynt að safna upplýsingum um þau eftir því sem þær hafa borist, sbr. greinargerð í farsólanum á Seyðisfirði, en það eru örugglega til allnokkur söfn sem ég hef ekki frétt af. Í því

sambandi undanskil ég þó söfn einstaklinga í heimahúsum sem eru mörg og stundum glettilega stór.

Úttekt á viðfangsefninu

Það nægir ekki að kortleggja hvaða söfn eru að störfum og hvað þau hafa verið að gera. Einnig þarf að taka afstöðu til hvað beri að gera, þ.e. hvaða minjaflokkum eigi að sinna. Í því felst að kortleggja atvinnu- og mannlífið í Reykjavík. Þegar niðurstaða hefur fengist um það er fyrst hægt að kanna hvaða minjaflokkum hefur verið sinnt vel og hverjir hafa verið vanræktir.

Í því sambandi koma upp spurningar um hvaða almennu sjónarmið eigi að ráða. Hver á að vera meginhugsunin hjá hverju safni fyrir sig og hvernig á að fylgja henni eftir? Það er greinilega einfaldara hjá sérsöfnum heldur en almennu söfnunum. Mannlegi þátturinn er hér síðan að verki eins og annars staðar. Meðal annars má gera ráð fyrir að sumt þyki finna en annað, t.d. spariföt finni en hversdagsklæðnaður. Einnig er sumt sýningavænna en annað, sjónrænna. Að hve miklu leyti á það að stjórna ferðinni? Margt er til í því að söfn endurspegli safnverðina sem þar starfa. En safnverðir eru ekki meðvitundarlausir um takmörk sín og geta dregið úr “hlutdrægni” sinni í starfi með því að vinna eftir áætlun sem samin er af skilningsríkari safnstjórn.

Skipulagningin - ákvörðun landamæra

Eftir þessar úttektir er komin heildarmynd á stöðu mála og þar með grundvöllur fyrir að skipuleggja, þ.e. afmarka verksvið einstakra safna. Ef haldin verður ráðstefna um samstarf og landamæri minjasafna á höfuðborgarsvæðinu, sem hlýtur að gerast fyrr eða seinna, má búst við að margt verði talið sjálfgefið. En einnig er viðbúð að hnútar myndist, t.d. að söfn verði ekki tilbúin að afsala sér málaflokkum. Síðan getur orðið erfitt að framfylgja samþykktum landamærum þegar á hólminn er komið. Þegar merkilegan grip rekur á fjörur safns getur það kosið að halda honum þótt hann falli ekki beinlínis undir söfnunarstefnu þess. Þess utan þurfa opinberu söfnin að taka afstöðu til þess hvaða sérsöfn eru tárverðugir samstarfsaðilar og hver þeirra eru það ekki að svo komnu máli, hvaða kröfur eigi að gera til þeirra á sviði fagmennsku, öryggis, þjónustu við almenning o.s.frv.

En hvað sem öllu líður eru væntanlega flestir sammála um að samvinnu, samráð og skipulag almennt skuli auka milli safna á höfuðborgarsvæðinu. Það kostar bara átak að koma því í kring og það vantar forystu til að stjórna því átaki. Stofnun munadeildar á Þjóðminjasafninu gæti haft þar góð áhrif.

Helgi M. Sigurðsson
hms@rvk.is
Flutt á Farskóla safnmanna 1997

Menntun safnmanna á Norðurlöndunum

Á samráðsfundi norrænna safnfélaga í Reykjavík í apríl síðast liðnum var rætt um menntunarmál safnmanna. Fulltrúar hvers lands skýrðu frá því hvernig háttað væri grunnmenntun og endur/símenntun safnmanna hver í sínu landi. Eftirfarandi punktar voru upphaflega teknir saman fyrir endurmenntunarnefnd safnmannafélagsins, en eru nú birtir hér

svo fleiri geti áttað sig á því hvernig staða í menntunarmálum safnmanna er á Norðurlöndum.

Noregur

Grunnmenntun í safnagreinum (etnologi, arkeologi, konsthistoria) er við háskóla í Noregi. Safnfræði, museivetenskap, eins misseris við háskólann í Oslo. Norska safnafélagið (Norges museumsforbund) hefur áhug á að fleiri háskólar taki upp nám í safnfræði. Það sem þykir skorta er nám í stjórnun, fjármálastjórn o.þ.h. Við svæðis-háskóla er til tveggja ára nám í kulturförvaltning. Í Bergen býðst nám í kunst og það sem kallað er kulturstudier, þar er lögð áhersla á að nemendur fari út fyrir vegg skólans (feltstudier). Nemendur í listfræði hafa lýst eftir námi í viðskipa- og markaðsfræðum. Safnmannfélagið sendur fyrir endurmenntunarnámskeiðum. Í Revita áætluninni, sem snýst um söfnun og varðveislu menningarverðmæta, er gert ráð fyrir að nýta mannauð og þekkingu á söfnunum við endurmenntun safnmanna á ákveðnum sviðum s.s. eins og sýningarhald og varðveislu á ljósmyndum.

Finnland

Grunnmenntun í safnagreinum er við háskólana í Abo, Helsinki og Jyvaskyla. Á síðastnefnda staðnum býðst nám í "museology", strax frá grunnstigi og þá sem eitt af fjórum námsgreinum sem teknar eru til grunnprófs. Boðið er uppá framhaldsnámskeið í safnfræðum. Allir geta lesið safnfræði óháð hvaða námsgreinar þeir lesa. Endurmenntun er á vegum safnasamtaka (Finlands museiforbund) og standa samtökin fyrir námskeiðum.

Danmörk

Grunnmenntun í safnagreinum fer fram í háskólunum. Ekki er til sérstakt nám í safnfræðum, en þó hefur verið boðið uppá slíkt að einhverju leyti í listasögu við háskólann í Árósum og í þjóðháttfræðináminu við Kaupmannahafnarháskóla. Þjálfun safnmanna hefur hingað til farið fram á söfnunum, sem hafa ráðið stúdenta í vinnu, en dönsk söfn hafa í auknum mæli haft fólk af atvinnuleysisskrá í vinnu og því ráða þau síður stúdenta m.a. vegna slæmrar fjárhagsstöðu safnanna.

Endurmenntunarmál hafa meðal annars verið í höndum Museumshöjskolen, en hann býður uppá hagnýt námskeið frekar en kenningarleg. Nú er verið að vinna að nýju skipulagi fyrir skólann og stefnt að því að koma á nýjum áherslum í náminu, sem á að gera á námið samfelldara. Boðið verður uppá tvær brautir; annars vegar stjórnun (25 daga nám á 2 árum) og hins vegar tækni og rekstur (30 daga nám á 3 árum). Hugmyndir eru uppi um að bjóða stúdentum við háskólana í landinu að taka hagnýt starfsnámskeið sem ákveðnar vikur af námstíma sínum.

Stóru söfnin eru í auknum mæli rannsóknarstofur en þau hafa verið skylduð til formlegs samstarfs við háskólana um doktorsnám. Verkefnið verður að vera viðurkennt af bæði skóla og viðkomandi safni. A.m.k. einn nemandi hefur lokið doktorsnámi eftir að þessu samstarfi var komið á.

Svíþjóð

Við háskólana í Svíþjóð má finna námskeið í hefðbundnum safnagreinum (arkeology, etnologi, konsthistoria). Safnfræði (museuologi) er kennd við háskólana í Gautaborg og Umla. Í öðrum háskólum eru kenndar nýjar greinar sem tengjast safnfræðum s.s. eins og stjórnun menningarstofnana (kulturadministration).

Sænska safnfélagið (Svenska museiföreningen) stendur fyrir námskeiðum bæði fyrir söfn í landinu og einnig einstaka starfshópa innan þeirra s.s. eins og gæslufólk og öryggisverði. Sænska safnfélagið hefur það sem markmið að söfn noti 2% af fjárveitingum sínum til

menntunar starfsmanna, en því hefur ekki verið náð enn. Áætlað er að í dag sé notað um 1% af fjárveitingum safnanna. Menntunarmál sænskra safnmanna eru í endurskoðun.

Færeyjar

Leita þarf til útlanda til að fá menntun í safnfræðum eða skyldum greinum. Helst er leitað til Danmerkur í þeim efnum. Ekki er til sérstakt safnmannafélag í Færeyjum. Engin endurmenntunarnámskeið eru í boði en færeyskir safnmenn hafa töluvert sótt námskeið Museumshöjskolen í Danmörku.

Grænland

Grunnmenntun í safngreinum er að finna í Danmörku fyrir Grænlenka safnmenn og hafa þeir einnig sótt námskeið hjá Museumshöjskolen í Danmörku. Samtök byggðasafna er til og starfar þar endurmenntunarnefnd. Þörf er á formlegri menntun í Grænlandi og samkvæmt lögum á Þjóðminjasafnið að vinna að endurmenntun.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
 gudnyg@natmus.is

Endurmenntunarnámskeið *Frá Endurmenntunarnefnd FÍS*

Í Háskóla Íslands eru eftirfarandi námskeið í boði er gætu nýst safnmönnum:

Viðskiptaskor

Markaðsfræði 1-3
 Gæðastjórnun
 Stjórnun og stefnumótun

Sagnfræðiskor

Aðferðir
 Íslands- og Norðurlandasaga 1-3
 Íslandssaga IV
 Listasaga 1-2
 Íslensk listasaga
 Fornleifafræði og minjavarsla
 Menntun og menning alþýðu á Íslandi 1830-1930
 Opinbert líf og einkalíf á miðöldum

Jarð- og landfræðiskor

Almenn landafræði
 Jarðfræðikortagerð
 Landafræði 1-2
 Hagræn landafræði 1-2
 Loftmyndatúlkun
 Byggðalandafræði
 Kortagerð 1-2
 Landsnytjar
 Saga og hugmyndafræði landfræðinnar
 Landafræði Íslands
 Borgarlandafræði
 Umhverfis- og skipulagsmál
 Sagnfræðileg landafræði

Tölvunarfræðiskor

Tölvukerfi og markaðsmál
 Bókasafns- og upplýsingafræðiskor
 Upplýsingasamfélagið
 Upplýsingamiðlun
 Starfsemi og rekstur safna og upplýsingamiðstöðva
 Skjalastjórn
 Varðveisla og viðgerðir
 Internet og rannsóknir
 Hönnun og gerð gagnasafna

Mannfræði- og þjóðfræðiskor
 Þjóðlíf og þjóðhættir
 Þjóðsögur og samfélag
 Þjóðhættir í bændasamfélaginu
 Matargerð fyrri tíma
 Safnfræði
 Þjóðfræði samtímans

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands býður uppá eftirfarandi námskeið veturinn 1997-1998:

Markaðs- og útflutningsfræði
 Rekstrar- og viðskiptanam
 Að skrifa vandaða íslensku
 Ritlist
 Að skrifa góða grein
 Flutningur máls og framkoma í ræðustól
 Að skrifa bók - frá hugmynd að bók
 Hópvinnukerfi
 Tölvuvædd skjalastjórnun
 Gerð verkáætlana með aðstoð tölvu
 Verkefnastjórnun
 Framleiðslueiningar/hópvinna
 Stjórnun breytinga
 Stjórnun og markaðssetning menningarstofnana
 Bestun biðraða í framleiðslu, vöru og þjónustu
 Stjórnun starfsmannamála
 Þróun starfsmannamála
 Þróun starfsmanna, hvatning og starfslýsingar
 Samskipti á vinnustað og ný vinnubrögð - lausn starfsmannavandamála
 Starfsfólk, þjónusta, viðskipavinir og árangur
 Stjórnun fræðslu og símenntunar starfsmanna
 Starfsmannaval og móttaka nýrra starfsmanna
 Bætt þjónusta fyrirtækja og stofnana
 Gæðastjórnun í ráðstefnu- og fundahaldi: Undirbúningur, framkvæmd - árangursmat
 Notkun Excel 7.0 við fjármál og rekstur 1-2
 Yfirlitsnámskeið um upplýsingalög - ætlað stjórnendum
 Námskeið um upplýsingalög - fyrir þá sem vinna með lög
 Stjórnsýslufræðslan - námskeið ætluð ríkisstarfsmönnum (ýmis námskeið)

Símanúmer Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands er 525-4923, 525-4924 og 525-4925. Einnig er hægt að senda þeim tölvupóst endurm@rhi.hi.is. Heimasíða Endurmenntunarstofnunar er: <http://www.hi.is/Endurm>

ICOM Vefurinn. Upplýsingar um ráðstefnur, námskeið og söfn á alnetinu. <http://www.icom.org/vlmp/>

Fundargerð

aðalfundar Félags íslenskra safnmanna

haldinn á Reykjum í Hrútafirði
3. september 1997

1. Ársskýrsla formanns félagsins, Hönnu Rósu Sveinsdóttur lögð fram. Í skýrslunni rakti formaður starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi. Meðal þess sem stjórn félagsins fékk til umfjöllunar voru; skipulagsdrög, reglur um styrkveitingar og umsögn um reglugerð fyrir byggðasöfn frá Þjóðminjaráði. Skýrði formaður frá umræðum um orðið "collection" sem Íslensk málstöð lagði til að yrði þýtt sem syrpa eða mengi. Sagði frá Kyndilmessuhátíð þar sem Andrés Erlingsson flutti ágætt erindi um steinbæi og steinhús í Reykjavík, en þátttaka var dræm. Haldnir voru 3. stjórnarfundir og einn almennur fundur. Almennur fundur var haldinn 17. apríl undir yfirskriftinni Söfn og ferðamennska, þar sem frummælendur voru Helgi M. Sigurðsson Árbæjarsafni og Anna Margrét Guðjónsdóttir, ferðamálafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Norrænu safnfélögin héldu fund í Norræna húsinu í Reykjavík 3.-5. apríl (sjá Fréttabréf 3.tbl.1997). Hanna Rósa greindi frá því að Norræna félagið veitti styrki úr verkefnasjóði Nordliv til Síldarminjasafnsins á Siglufirði, Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, Byggðasafns Skagfirðinga og Byggðasafns Árnesinga. Sett var á fót nefnd um endurmenntunarmál. Í henni eru Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri, Jón Allansson, Byggðasafninu Akranesi, Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga, Glaumbæ, Margrét Hallgrímsdóttir, Árbæjarsafni og Sigrún Ásta Jónsdóttir, Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla., sem er formaður nefndarinnar. Tveir starfsmenn nýttu sér starfsmannaskipti milli safna. Inga Lára Baldvinsdóttir, Þjóðminjasafni, dvaldi í viku á Minjasafninu á Akureyri og Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri, var í viku á Þjóðminjasafninu. Fréttabréfið kom fimm sinnum út á árinu. Félögum fjölgaði um 14 á árinu og eru nú 124 samtals.

2. Ársreikningar, skýrsla gjaldkera. Formaður skýrði stöðuna í fjarveru gjaldkera. Nokkrar umræður urðu um ársreikningana. Á rekstrarreikningi kom fram að tekjur félagsins voru 526.353 kr. á móti 562.014 kr. í útgjöld. Samkvæmt efnahagsreikningi á félagið eignir sem svara 175.948 kr. Meðal annars var rætt um hvort rétt væri að félagið safni pening á bók, í stað þess að efla starfsemi þess.

3. Skýrsla starfshóps um endurmenntun sem átti að koma til skila undir þessum lið var frestað. Nefndir heldur áfram störfum.

4. Stjórnarkjör. Þrír gengu úr stjórn, formaður, gjaldkeri og varamaður. Í stað þeirra voru þau kosin; Þóra Kristjánsdóttir, formaður til eins árs og Sigrún Ásta Jónsdóttir, gjaldkeri til tveggja ára. Sigurjón Baldur Hafsteinsson gegnir starfi ritara í eitt ár í viðbót. Lýður Pálsson var kosinn varamaður. Sigurjón Baldur var endurkosinn ritari Fréttabréfsins. Þóra Kristjánsdóttir var kosinn utanríkisfulltrúi félagsins. Starfshópur um aðild stofnana að félaginu er enn að störfum en þar sem einn fulltrúa hennar hefur sagt sig úr nefndinni var Helgi M. Sigurðsson kosinn í hans stað.

5. Félagsgjöld fyrir 1998 voru samþykkt kr. 1500.

6. Önnur mál.

6.1 Hanna Rósa kynnti niðurstöður könnunar sem hún gerði meðal forstöðumanna safna um hvernig núverandi tengsl væru milli safnmannafélags og safnanna og munu niðurstöður hennar nýtast vel starfshóp um aðild stofnana (safna) að safnmannafélaginu. Niðurstöður voru þær helstar að félagið býr við velvild allra safna í landinu og er mjög háð þeim. Flest söfn styrkja

starfsmenn sína að fullu eða mestu leyti til að sækja farskólann. Margir (62%) starfsmanna vinna fyrir félagið í vinnutíma sínum á þess að amast sé við því. Félagsmönnum er t.d. leyfilegt að nota pappír og tæki safnanna fyrir félagið. Söfnin gefa félögum safnmannafélagsins frítt inn.

6.2. Ragnheiður Erla skorar á söfn innan dagsradíusar frá Reykjavík að hafa opið fyrir hádegi á sunnudögum.

6.3 Nýbakaður farskólastjóri, Jóhann Friðfinnsson, bar fundinum kveðju Þórðar Tómassonar sem komst ekki á farskólann sökum anna. Jóhann þakkaði fyrir skólastjóratignina og óskaði eftir áhugasömu fólki í farskólanefnd.

6.4 Hanna Rósa ráðlagði Ragnheiði Erlu að semja beint við hvern safnstjóra fyrir sig um opnunartíma.

6.5 Áfram um aðild safna að safnmannafélaginu. Guðný Gerður Gunnarsdóttir benti á að beinn og óbeinn stuðningur safnanna við félagsmenn væri allmikill og benti á skiptinám - starfsmannaskipti - máli sínu til stuðnings. Það skipti máli fyrir starfsmenn safnanna að komast á milli safna og kynna sér aðstæður og læra af öðrum. Mörk eru hins vegar óljós milli þess hvort einstaklingurinn er fulltrúi stofnunarinnar eða fari milli staða sem einstaklingur. Í framaldi lagði Guðný Gerður fram hugmynd um hvort félagið myndi ekki efna til kynningarferðar til útlanda á tíu ára afmælinu. Ólafur Axelsson taldi aðild safnanna ekki hafa neinn tilgang og tók Þór Magnússon í sama streng. Safnmannafélagið væri áhugamannafélag sem ekki þyrfti að gæta hagsmuna stofnanna. Söfnin haldi áfram að styðja starfsfólk sitt til félagsstarfa. Og Þór spyr: EF söfnin eiga sjálf aðild og greiða þátt í starfsemi félagsins, hver á þá ákvörðunarréttur þeirra að vera? Safnmannafélagið ætti eingöngu að vera starfsmannafélag menningarlegra safna. Hörður Geirsson vildi ekki að menn notuðu hugtökin áhugamannafélag því það “er professional fólk í þessum bransa”. Það ætti að nota hugtakið félag fagfólks og tók Þór undir það og lagði áherslu á að félagið væri og ætti að vera áfram fagmannafélag með einstaklingsaðild.

6.6 Þóra Kristjánsdóttir nýkjörinn formaður félagsins þakkaði traustið og taldi safnmannafélagið eiga bjarta daga framundan. Tók hún heilshugar undir hugmynd Guðnýjar Gerðar um afmælisferð og sagði það þroskandi að fara með starfsfélögum í safnferð til útlanda.

7. Fundi slitið kl. 17:35.

Sigríður Sigurðardóttir.

Nýjir félagsmenn

Á síðasta aðalfundi félagsins var félagsmönnum greint frá inntöku nýrra félaga. Þeir eru:

Björn G. Arnarson, Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu

Donald Ingólfsson, Ljósmyndasafni Reykjavíkur

Eiríkur P. Jörundsson, Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu

Frosti F. Jóhannesson, Þjóðminjasafni Íslands

Gerður Róbertsdóttir, Árbæjarsafni

Guðjón Indriðason, Borgarskjalasafni Reykjavíkur

Hrafnkell A. Jónsson, Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum

Jóhanna Pálmadóttir, Heimilisiðnaðarsafnið Blöndósi

Jóna Símonía Bjarnadóttir, Héraðsskjalasafninu Ísafirði
Ragnheiður Erla Bjarnadóttir,
Sigurborg Hilmarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands
Stefán Valur Pálsson, Ljósmyndasafni Reykjavíkur
Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalasafni Reykjavíkur
Vigdís Esmadóttir, Vesturfarasetrinu á Hofsósi

Við þennan lista hafa nú bæst við þrjár nýjir félagar.

Eygló S. Gunnarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands
Guðbrandur Benediktsson, Ljósmyndasafni Reykjavíkur
Jóhanna Bergmann, Minjasafni Austurlands

Stjórn FÍS býður nýja félagsmenn velkomna.

Árbæjarsafn

Ný og breytt netföng starfsmanna

Starfsfólk Árbæjarsafns flutti nú í haust skrifstofuaðstöðu sína í prófessorsbústaðinn sem stóð áður við Klepp. Er hér um gjörbyltingu á allri aðstöðu starfsfólks að ræða. Við flutninginn urðu eftirfarandi breytingar á netföngum starfsfólks:

Árbæjarsafn - abs@rvk.is
Anna Lía Guðmundsdóttir - alg@rvk.is
Áslaug Sverrisdóttir - as@rvk.is
Dagný Guðmundsdóttir - dg@rvk.is
Gerður Róbertsdóttir - gr@rvk.is
Hafdís Halldórsdóttir - hh@rvk.is
Helgi M. Sigurðsson - hms@rvk.is
Margrét Hallgrímsdóttir - mh@rvk.is
María Karen Sigurðardóttir - mks@rvk.is
Nikulás Úlafar Másson - num@rvk.is
Unnur B. Lárusdóttir - ubl@rvk.is

Almennt rit um safnfræði á íslensku

Forsenda fyrir útgáfu 50-100 áskrifendur

Grunnatriði safnastarfs: Þjónusta, sýningar, safngripir

Ef áhugi reynist fyrir hendi mun á næstunni koma út þýðing á fyrri hluta bókarinnar Museum Basics, sem fengið hefur íslenska heitið Grunnatriði safnastarfs. Hér er um að ræða einstæða bók í mörgu tilliti, m.a. fyrir það að hún er fyrsta almenna ritið á íslensku um safnfræði. Ljóst er að hún mun verða til mikils gagns fyrir alla safnastarfsmenn, jafnt yngri sem eldri, í daglegum störfum þeirra sem og í faglegru umræðu. Einnig verður hún vegvísir þeim sem sitja í stjórnnum safna eða taka ákvarðanir varðandi þau á einhverjum öðrum vettvangi.

Bókin verður gefin út af þýðanda í samráði við Félag íslenskra safnmanna. Blaðsíðufjöldi hvors bindis verður um 200 síður. Texti er mjög gagnorður. Bókin verður í A-5 broti, fjölfölduð í Odda og annað hvort límd í kjölinn eða formuð. Efnisyfirlit og frekari upplýsingar um tilgang og efni bókarinnar eru birt á næstu síðum hér á eftir.

Rétt er að rekja hér lauslega aðdragandann að íslenskri þýðingu bókarinnar. Undirritaður var ráðinn á Árbæjarsafn árið 1989 og vantaði þá alla undirstöðuþekkingu á safnafræðum eins og algengt er um nýliða í safnageiranum. Af þeim sökum leitaði ég lesefnis á því sviði eftir því sem tími og aðstæður leyfðu. Eftir skoðun og lestur nokkur hundruð rita rakst ég á þá bók sem hér um ræðir. Þegar ég hafði lesið hana fannst mér að þarna væri hinn almenni faglegi grunnur sem ég þyrfti á að halda. Og til að tileinka mér efni hennar betur fór ég út í að þýða hana. Þetta var á árinu 1996. Með einföldu skipulagi tókst mér að ljúka fyrri hluta þýðingarinnar á nokkuð hóflegum tíma.

Þegar þýðingin var komin það langt að ljóst væri að ég mundi ljúka henni fékk ég áhuga á að gera hana aðgengilega öðrum safnmönnum. Skrifaði ég Félagi íslenskra safnmanna sem tók málinu mjög vel. Meðal annars kom mjög jákvæð, skrifleg umsögn um bókina frá þáverandi formanni FÍS, Hönnu Rósu Sveinsdóttur, sem birt er hér á öðrum stað. En það nægir ekki að bækur séu gagnlegar. Það þarf líka að vera fyrir hendi áhugi á að hagnýta þær. Og það kostar peninga að gefa þær út, þótt ekki séu þeir svo ýkja miklir í þessu tilviki. Höfundarlaun þarf ekki að greiða og trúlega fæst einhver styrkur utan frá fyrir þýðinguna. Hugsanlegir kaupendur eru hins vegar fámennur hópur, aðallega söfnin sjálf fyrir hönd starfsmanna sinna og stjórnarmanna. Til að búa þetta fyrri bindi til prentunar, þ.e. prófarkalesa, samræma hugtakanotkun o.fl., þarf að kalla til aðstoðar hóp fólks sem greiða þarf einhver laun. Til launagreiðslna og prentvinnslukostnaðar þarf að safna að lágmarki 50 áskrifendum. Helst þyrftu þeir að vera 100. Er þá gert ráð fyrir að bókin kosti kr. 2800,-.

Útgáfa bókarinnar veltur sem sagt á því að sæmilegur fjöldi eintaka seljist fyrirfram. Til að svo geti orðið þyrfti t.a.m. að verða samstaða um að allir meðlimir Félags íslenskra safnmanna fengju hver sitt eintak.

Hér er sem sagt óskað eftir áskrifendum að bókinni. Pöntunartími er áætlaður um einn mánuður frá dagsetningu fréttabréfsins. Eftir það yrði ákveðið hvort af útgáfu yrði. Útgáfutími yrði fyrri hluta árs 1998.

Almennt um bókina

Bókin Grunnatriði safnastarfs var fyrst gefin út af Alþjóða safnaráðinu (ICOM) í samstarfi við Routledge-forlagið árið 1993. Kom hún í ritröð sem ætlað er að þjóna öllum gerðum safna og menningararfi samfélaga víðs vegar um heim. Í ritröðinni eru bæði bækur og smærri rit, ætluð fagmenntuðum starfsmönnum safna og menningarsögulegra stofnana. Flest ritin fjalla um sértæk efni og má segja að í Grunnatriðum safnastarfs séu dregin saman meginatriði þeirra.

Bókin fjallar um grundvallaratriði safnastarfs almennt og á öllum sviðum, um skipulag og stjórnun safna, meðferð safnmuna, forvörslu, markaðssetningu og öryggismál svo eitthvað sé nefnt. Gert er ráð fyrir að hún nýtist einkum litlum söfnum með fáa starfsmenn og takmarkaðan fjárhag. Hún er vel fallin til að vera handbók, til lestrar í heild og fyrir námskeið.

Annar höfundur bókarinnar, Timothy Ambrose, er formaður Safnaráðs Skotlands. Hinn höfundurinn, Crispin Paine, er alþjóðlegur safnaráðgjafi. Áður en bókin var endanlega gefin út

var tilraunaútgáfa kennd á námskeiðum í fjölda landa. Enda ber hún með sér að hver setning er þaulhugsuð.

Grunnatriði safnastarfs þótti marka allmikil þáttaskil í starfi Alþjóða safnaráðsins (ICOM). En íslenska útgáfa hennar er ekki síður merkileg því að um er að ræða fyrstu bók um safnafræði sem út er gefin hérlendis, ef undan eru skildir minni bæklingar um sértæk efni.

Kaflir úr Grunnatriðum safnastarfs:

“2. KAFLI: UM ÞESSA BÓK

Söfn víðsvegar um heim eiga sér sameiginlegar þarfir og standa frammi fyrir sameiginlegum vandamálum. Þessi bók var samin til að hjálpa söfnum að skilgreina þessar þarfir og leysa þessi vandamál.

Hlutverk bókarinnar er öðru fremur að draga upp meginlínur fyrir góða starfrækslu safna með fáum starfsmönnum og takmörkuðum fjárstyrk. Meirihluti safna í heiminum býr við skort á fólki og fjármunum til að standa við skuldbindingar sínar. Samt sem áður hafa þau umsjón með einstökum sjóð, mikilvægum hluta af menningararfi heimsins.

Grunnatriði safnastarfs var skrifuð í samráði við fjölda safnastarfsmanna í fjölda landa. Hugmyndir þeirra og athugasemdir um texta og útlit, umræðuefni og viðföng, hafa hjálpað til við að móta bókina og auka gildi hennar fyrir söfn í löndum sem hafa mismunandi hefðir varðandi safnaþróun.

Skiptingu bókarinnar í sex hluta er ætlað að auðvelda notendum að lesa einstaka kafla eða kaflaflokka sérstaklega sem almenna kynningu á viðkomandi umræðuefnum. Hver hluti bókarinnar færir frá almennari kynningu til afmarkaðri efna.

Þar sem efni er til umræðu eru gefnar upplýsingar um skyld efni. Einstaka bókarhluta má einnig nota sem lesefni á námskeiðum. Oft koma svipaðar hugmyndir og tillögur fyrir í mismunandi köflum. Þetta er meðvituð nálgun, til þess ætluð að hvetja lesendur til að hugsa um viðhorf sín til ýmissa þátta safnavinnu.

Grunnatriðum safnastarfs fylgja einnig tillögur um frekari, ítarlegri, lestur um einstök málefni. Þá fylgja einnig bókinni skýringar á hugtökum sem notuð eru í textanum. Notkun hugtaka er breytileg í safnastarfi á alþjóða vísu. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að gera textann eins aðgengilegan og mögulegt er, getur verið að lesendur vilji fletta upp í hugtakalistaum af og til þegar þeir eru í vafa. Við notum sérstök lykilorðahólf í bókinni til að skýra einstök hugtök á ítarlegan hátt.

Efni þessarar bókar er víðtækt. Það byggist á hugmyndum sem ná þegar eru notaðar á hverjum degi á fjölda safna með takmarkað fjármagn og fáa starfsmenn. Í henni er lögð sérstök áhersla á markaðssetningu safna, sjónarmið sem kann að þykja framandi í sumum löndum, á umhyggju fyrir gestum, á umhirðu safngripa, hið sérstaka við auðlindir safna, og á stjórnun. Allt eru þetta þættir í safnastarfi sem sérstakur gaumur hefur verið gefinn á undanförunum árum, einkánlega í tengslum við hina stórauðlegu alþjóðlegu ferðamennsku. Áherslan á þessari atriði endurspeglar einnig hina miklu fjölgun safna sem stofnuð hafa verið um heim allan.

Það er mikilvægt fyrir safnafólk að fylgjast með nýjum hugmyndum og breytingum í starfi, að læra af öðrum söfnum um góðan árangur og stundum mistök. Þetta getur þó verið erfitt, einkum á litlum söfnum þar sem ofan á félagslegu einangrunina bætist að svo mikið er að gera að bóklestur vill sitja á hakanum. Bókina Grunnatriði safnastarfs mun þess vegna einnig

þurfa að færa reglulega til nútímavegar og endurbæta til að aðstoða safnamenn við að fylgjast með í hinum breytilega safnaheimi sem þeir tilheyra.

Bókin er hluti af stærri útgáfuáætlun, Menningararfurinn: Umsjá - varðveisla - stjórnun (The Heritage: Care - Preservation - Management) og því er hún studd fjölda rita sem fjalla um einstaka þætti safnastarfsins á ítarlegri hátt. Áætluninni tilheyrir einnig tímaritið Museum Abstracts með ágrípum um ýmis efni sem gefur safnamönnum færi á að fylgjast með þróun mála á söfnum víðs vegar um heiminn.

Málefnaumfjöllunin í Museum Abstracts hjálpar til við að veita mönnum reglulegan aðgang að nýjum viðfangsefnum til að rannsaka og ræða. Í sameiningu eru Grunnatriði safnastarfs og Museum Abstracts grunnheimildir fyrir menn til að byggja á við að auka gæði safna sinna og meta árangur sinn miðað við það sem gerist á öðrum söfnum á heimaslóðum, jafnt sem í þjóðlegu og alþjóðlegu samhengi.

Engin bók um söfn og störf þeirra getur talist tæmandi yfirlit. Grunnatriðum safnastarfs er ætlað að svara spurningum um helstu viðfangsefni í daglegu starfi og er hún skrifuð sérstaklega fyrir söfn með takmarkað starfslið og lítil fjárráð. Ef lesandinn hefur áhuga á öðrum málefnum verður hann að leita annað. Útgefendur og höfundar munu einbeita sér að fyrrgreindum markmiðum áfram og leggja sig í framkróka við að komandi útgáfur svari þeim þörfum sem þar um ræðir. Þess vegna eru allar ábendingar lesenda þegnar með þökkum. Vinsamlega skrifið til höfundanna og stílið bréfin á forlagið Routledge, 11 New Fetter Lane, London EC4P 4EE, United Kingdom.

Eitt af bestu einkennum hins alþjóðlega safnasamfélags er viljinn til að deila með öðrum hugmyndum og upplýsingum um vel heppnað starf. Þessi bók hefur notið góðs af því og við treystum því að komandi útgáfur muni gera það einnig.”

Efnisyfirlit 1. og 2. bindis (Í fyrra bindinu eru fyrstu 43 kaflarnir)

Formáli

Inngangur

I. hluti Kynning

1. Um söfn
2. Um þessa bók
3. Tegundir safna
4. Hlutverk safna

II. hluti Safnið og notendur þess

5. Söfn eru fyrir fólk
6. AÐ skilja markaðinn
7. Markaðssetning safns
8. Sérstakir gestir: Söfn og öryrkjar
9. Heimsókn á safn
10. Safnkennsla: Innan safnsins
11. Safnkennsla: Utan safnsins
12. Viðburðir og starfsemi: Að búa til dagskrá
13. Aðbúnaður fyrir gesti
14. Þjónusta: Verslanir
15. Þjónusta: Matur og drykkur

16. Að bæta aðbúnað fyrir gesti
17. Kynning á túlkun
18. Aðferðir við framsetningu: Myndir og texti
19. Aðferðir við framsetningu: Þrívídd
20. Aðferðir við framsetningu: Sjón og heyrn/gagnverkun
21. Aðferðir við framsetningu: Þátttaka fólks
22. Ljósgrafar á söfnum
23. Sýningaskápar
24. Skipulagning nýrrar sýningar
25. Rannsóknir fyrir sýningar
26. Samning texta
27. Leiðbeiningar fyrir hönnuð
28. Hönnun og gerð sýningar
29. Mat á sýningum
30. Upplýsingaþjónusta
31. Útgáfa
32. Almanatengsl og fjölmiðlar
33. Samstarf við aðrar stofnanir og stuðningshópa
34. Míjaflokkar
35. Söfnunarstefna
36. Grísjunarstefna
37. Gjafir, kaup og lán

III. hluti Þróun og umhirða munasafna

38. Söfnun og vettvangsskráning
39. Vettvangsvinna og skráningarstöðvar
40. Ljósmyndun, kvikmyndun og myndbönd
41. Munnlegar heimildir og segulbandsupptökur
42. Skráningarkerfi
43. Hlutverk munasafna í rannsóknum
44. Skipulag forvörslu
45. Vinna með forvörðum
46. Fyrirbyggjandi forvarsla: Grundvallaratriði
47. Geymsluskilyrði: Lýsing
48. Geymsluskilyrði: Hiti og raki
49. Geymsluskilyrði: Mengun, skordýr
50. Efnapróf
51. Geymsla: Stórir og þungir munir
52. Geymsla: Smáir og léttir munir
53. Meðferð og þökkun
54. Viðgerðir: Grundvallaratriði
55. Viðgerðir: Framkvæmd
56. Viðbrögð við óhöppum / tryggingar
57. Öryggi safngripa: Varsla og rafræn öryggiskerfi
58. Öryggi safngripa: Skipulag og framkvæmd

IV. hluti Safnið og byggingar þess

59. Safnbyggingar: Form og starfræksla
60. Skipulag nýrra safnbygginga
61. Vinna með arkitektum
62. Undirbúningur fyrir mæla fyrir arkitekta
63. Öryggi safnbygginga: Stjórnun og viðhald
64. Aðgangur og aðgengi
65. Andrúmsloft, hraði og flæði
66. Stefnur

V. hluti Safnið og stjórnun þess

67. Lagaleg staða og stjórnunarleg uppbygging
68. Starfsmannaáætlun og stefnuleg þróun
69. Gerð framtíðaráætlunar
70. Árangursmat fyrir söfn
71. Fjárhagsleg stjórnun
72. Öflun styrkja
73. Innri skoðanaskipti og viðteknir starfshættir
74. Skipulagning starfsliðs
75. Sjálfboðaliðar á söfnum
76. Ráðning starfsmanna
77. Gæði þjónustu
78. Kröfur til einstaklinga um frammistöðu
79. Umbun og einstaklingsmat
80. Starfsmannabjálfun
81. Heilsa og öryggi
82. Stjórnunarhættir

VI. hluti Ítarefni

83. Hugtakasafn
84. Leiðir til upplýsingaöflunar
85. Viðbótarlesefni

Viðaukar:

Síðareglur ICOM

Um myndir

Registur

Hvað er ICOM?

Ritröð ICOM: Menningararfurinn - umsjón, varðveisla, rekstur

Helgi M. Sigurðsson
hms@rvk.is

Umsögn

Félags íslenskra safnmanna um bókina Museum Basics

Bókin var útgefin 1993 af ICOM, alþjóðaráði safna, í ritröð sem fjallar um ýmsa þætti í

starfsemi safna og annarra stofnana eða einstaklinga sem starfa að varðveislu menningararfsins.

Tilgangur með útgáfu þessarar bókar er að mæta aðkallandi þörfum fyrir handbók í málefnum safna. Hún er byggð upp sem grundvallarleiðbeiningarit um helstu þætti í safnstarfinu allt frá skipulagi safna, umsjón safngripa og forvörslu þeirra, til markaðssetningar og öryggismála safna. Settar eru fram viðurkenndar starfsaðferðir sem allir þeir sem starfa við söfn ættu að tileinka sér.

Höfundar bókarinnar, Timothy Ambrose og Crispin Paine, eru viðurkenndir sérfræðingar á sviði safnfræða. Timothy er formaður Scottish Museums Council og Crispin Paine er alþjóðlegur safnaráðgjafi og ritari Committee of Area Museum Councils í Bretlandi.

Engin handbók um málefni safna er til á íslensku og skortur er á öllu efni um safnfræði. Það er grundvallaratriði að til sé aðgengilegt efni á íslensku sem allir safnmenn hafi aðgang að og geti tileinkað sér. Þörf er á þýðingu á alþjóðlegum faghugtökum yfir á íslensku því notkun íslenskra safnfræðihugtaka er forsenda þess að fræðileg umræða geti farið fram meðal íslenskra safnmanna.

Íslenskt safnasamfélag einkennist af litlum söfnum sem búa við naumar fjárveitingar og fáa starfsmenn. Bakgrunnur og menntun safnmanna í landinu er margvísleg en sárafáir hafa einhverja menntun í safnfræðum, auk þess sem margir starfa við faglega einangrun.

Þegar kemur að þýðingu erlendra fræðibóka yfir á íslensku verður að vanda valið. Félag íslenskra safnmanna telur að bókina Museum Basics sé góður kostur fyrir íslenska safnmenn. Hér er um að ræða gott og viðurkennt fræðirit á sviði safnfræða sem gefið er út af viðurkenndum aðilum og skrifuð af sérfræðingum í málefnum safna. Auk þess að standa undir fræðilegum kröfum er bókina mjög aðgengileg og vel uppsett. Textinn er hnitmiðaður og efnistöð öll vel afmörkuð þannig að auðvelt er að lesa sér til um einstaka efnisþætti.

Félag íslenskra safnmanna telur að mikill fengur sé af útgáfu Museum Basics á íslensku. Sú útgáfa myndi renna styrkari stoðum undir safnfræði og safnstarf í landinu.

Akureyri 3. apríl 1997

Fyrir hönd Félags íslenskra safnmanna

Hanna Rósa Sveinsdóttir formaður
akmus@nett.is

Bókapöntun

Undirrituð/aður óskar eftir að kaupa eintök af fyrri bindi bókarinnar Grunnatriði safnastafs. Verð pr. bindi er kr. 2800,-.

Sendingar- og greiðslufyrirkomulag:

___ Póstkrafa

___ Með öðrum hætti, hvernig? _____

Einnig óskar undirrituð/aður að kaupa eintök af seinna bindi bókarinnar sem áætlað er að komi út eftir tvö ár (1999) og áætlað er að muni kosta sömu ophæð.

Undirskrift: _____

Nafn stofnunar: _____

Heimilisfang: _____

Pöntun sendist ritara FÍS:

Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar (sbh@rvk.is)

Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar

Borgartúni 1, 105 Reykjavík